

Gætu tryggt sölu í útboði Icelandair

Forstjóri Icelandair segir það koma til greina að sölutryggja fyrirhugað hlutafjárútböð félagsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins myndu Íslandsbanki og Landsbankinn taka það að sér.

VIÐSKIPTI „Það kemur til greina og er til skoðunar hjá félaginu,“ segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, spurður hvort stefnt sé að því að sölutryggja fyrirhugað hlutafjárútböð Icelandair. Með sölutryggingu er átt við samning milli fjármála-fyrirtækis og útgefanda verðbréfa þar sem fjármálfyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útboði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er horft til þess að Íslandsbanki og Landsbankinn taki að sér að sölutryggja útboðið.

Í hlutafjárútböðinu gerir Icelandair ráð fyrir að selja nýja hluti fyrir 20 milljarða króna að nafnverði, á genginu ein króna á hlut. Komi til umframeftirspurnar í hlutafjárútböðinu, mun stjórn félagsins hafa heimild til að auka hlutafé enn frekar um allt að þrjú milljarða, þannig að stærð útboðsins yrði að hámarki 23 milljarðar króna.

Hlutafjárútböðið mun ekki fela í sér neinar skuldbreytingar, það er að segja að kröfum sé breytt í hlutafé, að sögn Boga. „Ef við berum okkur saman við flugfélög eins og Norwegian sem fór þá leið, þá var fyrst og fremst verið að breyta vanskilum eða óveðtrygðum skuldum í hlutafé,“ útskýrir Bogi.

„Við erum hvorki með vanskil

Hugsunin með lánalínuna er að þurfa ekki að draga á hana. Þetta er lánalína til þrautavara.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair group



né óveðtryggt skuldabréf, þannig að staða okkar gagnvart lánardrottnum var allt önnur en hjá Norwegian.“

Bogi segir að áætlanir og hagræðingaraðgerðir geri félagið vel í stakk búið til að keppa á flugmarkaðinum. Með sveigjanlegri kjarasamningum og auknu vinnuframlagi áhafna, ásamt öðrum aðgerðum, áætla Icelandair að kostnaður á hvern sætiskílómetra lækki um samtals tíu prósent til 2024. Launakostnaður verður 28 prósent af tekjum samanborið við 30 prósent 2018.

„Við gerum ráð fyrir ákveðnum verðlagshækkunum eins og verið hefur síðustu ár. Ef sú forsenda gengur eftir munu önnur félög einnig glíma við verðlagshækkunir. Með þeim aðgerðum sem við förum í verður félagið mjög samkeppnishæft á þeim markaði sem það starfar á,“ segir Bogi. – hae, þfh / sjá síðu 8

Fastur á hjúkrunarheimili og fjárnám gert vegna vistunargjalda


FÉLAGSMÁL Erling Smith, lamaður maður, hefur mátt dvelja á hjúkrunarheimili í tvö og hálf ár eftir að NPA-samningi hans var rift. Við að fara á stofnun missti hann hluta lífeyrisins og getur ekki greitt vistunargjöld. Í gærmorgun var fjárnám gert í eignum hans vegna vangoldinna gjalda en hann gat ekki einu sinni mætt til sýslumannsins sjálfur.

„Ég samþykkti aldrei langtíma-vistun. Ég er nýlega giftur, á konu og heimili og bið eftir því að fá að komast heim,“ segir Erling, sem upphaflega var tjáð að hann væri í tímabundinni hvíldarinnlögn



Erling Smith

en sjálfur hefur hann ekki skrifað undir neitt. Hann líkir vist sinni á hjúkrunarheimilinu sem varðhaldi en réttargæslumaður hans hefur unnið að því lengi að koma honum heim og fá nýjan NPA-samning, því Erling þarf sólarhringsþjónustu. – khg / sjá síðu 6



Þessir ferðamenn flúðu rigninguna í borginni í gær og leituðu skjóls í ilmandi gróðurhúsi sem staðsett er á Lækjartorgi. Í húsinu má finna skemmtilegt safn af fjölbreyttum og ólíkum plöntum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




Hágæða harðparket í miklu úrvali

Harðparket er með einstaklega sterkt yfirborð sem býður upp á mikinn umgang og viðhaldið er svo til ekkert, svo er það líka fallett!

Parki
INTERIORS

Veður



Gengur í norðaustan 5-13 í dag, en hvassari með suðausturströndinni síðdegis. Skýjað og lítils háttar væta norðaustan- og austanlands, en léttir til um landið sunnan- og vestanvert. Hiti 7 til 17 stig, hlýjast sunnan heiða. **SJÁ SÍÐU 20**



Síðastliðna 12 mánuði hækkaði vísitala leiguverðs um 2,2 prósent.

Leiga lækkar í borginni

HÚSNÆÐISMÁL Dýrast er að leigja stúdíóíbúð á svæðinu á milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar í Reykjavík, samkvæmt tölum frá Þjóðskrá Íslands. En vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu var 0,5 prósentum hærra í júlí á þessu ári en í fyrri mánuði. Síðastliðna þrjá mánuði hækkaði vísitalan um 0,4 prósent og síðastliðna tólf mánuði hækkaði hún um rúm tvö prósent.

» Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu var 0,5 prósentum hærra í júlí en í fyrri mánuði.

Meðalleiguverð á hvern fermetra fyrir stúdíóíbúð á fyrrnefndu svæði var í júlí 4.606 krónur. Þriggja herbergja íbúðir voru að meðaltali dýrastar í leigu á svæðinu vestan Kringlumýrarbrautar og á Sel-tjarnarnesi þar sem meðalverð fyrir fermetrann var 2.795 krónur eða rúmum hundrað krónum lægra en í mánuðinum á undan.

Stærstu íbúðirnar til leigu á höfuðborgarsvæðinu voru í júlí dýrastar á svæðinu milli Kringlumýrar- og Reykjanesbrautar á 2.401 krónu fermetrinn. Íbúð af þeirri stærð leigist á 944 krónur fermetrinn á Vestfjörðum. – **bdj**

Sóttvarnaherbergin undirbúin



Herbergisþerna undirbýr sóttvarnaherbergi á Radisson Sas Blu 1919 hótelinu í miðbæ Reykjavíkur, fyrir komu ferðamanna sem þurfa að dvelja í fimm daga sóttkví vegna COVID-19. Nýjar reglur um skimun ferðamanna við landamæri tóku gildi á miðnætti í gær og hafa nú allir þeir sem hingað koma val um að fara í tveggja vikna sóttkví við komu, eða tvær skimanir með fimm daga sóttkví á milli sýnataka. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

Segir sóttkvína vera rothögg

COVID-19 „Hertar sóttvarnareglur við landamærin eru rothögg,“ segir Þráinn Lárusson sem rekur meðal annars Hótel Hallormsstað, en því verður lokað strax í næstu viku vegna nýrra reglna um skimun við landamærin.

Í þættinum 21 á Hringbraut í gær sagði hann ákvörðun stjórnvalda hafa komið á óvart. „Ég verð að viðurkenna það, maður var búinn að finna eitthvað í loftinu en hélt að það yrði frekar bara aukin skimun en ekki farið fram á þessa sóttkví,“ segir Þráinn.

Gestir sem komu á hótelið í byrjun viku verða um helgina og fram yfir hana en svo verður skellt í lás. „Eftir það er þetta bara dautt,“ segir Þráinn og bætir við að afbókunarir nemi hundruðum herbergja. Síðastliðna daga hefur hann tekið við um 150 afbókunum, rúmlega 90 herbergi eru á hótelinu. Þráinn segir að nú gildi að reyna að lifa af tekjulaust haust og vetur. – **lb**

Tilfinningalegt högg að sjá staðinn bráðna

Friðrik Weisshappel opnaði í gær Laundromat-stað við Árhugsgade eftir mikla enduruppbyggingu í kjölfar eldsvoða. Segist hafa sokkið í þunglyndi eftir áfallið en svo ákveðið að rífa sig upp á hárinu eins og Münchhausen forðum.

DANMÖRK Þetta er búinn að vera mikill og langur tilfinningarússíbi,“ segir Friðrik Weisshappel sem í gær opnaði loks aftur Laundromat-stað við Árhugsgade eftir mikla vinnu undanfarna mánuði.

Um árabíl rak Friðrik þrjá Laundromat-staði í Kaupmanna-höfn. Rekstur þeirra krafðist mikillar viðveru og því ákvað hann á síðasta ári að selja stað sem var staðsettur í Fredriksberg. „Ég fékk hagstætt verð og gat greitt niður allar skuldir þannig að ég sá fram á bjarta tíma með tvo staði í rekstri og meiri tíma fyrir fjölskylduna,“ segir Friðrik.

Skömmu síðar reid þó ógæfan yfir þegar kviknaði í staðnum í Árhugsgade. Talið er að kviknað hafi í út frá heitum þvotti. „Staðurinn bráðnaði eiginlega bara og mikil mildi að ekki fór verr enda eru tíu íbúðir í húsinu,“ segir Friðrik.

Hann var vel tryggður og því var tjónið ekki fjárhagslegt en höggð var fyrst og fremst tilfinningalegt. „Ég byggði þennan stað upp sjálfur og lagði sál mína í hann. Það var því mikið áfall að sjá eyðilegginguna. Ég sökkin eiginlega í þunglyndi í rúman mánuð. En svo ákvað ég að rífa mig upp á hárinu aftur eins og Münchhausen forðum,“ segir Friðrik.

En ferlið hefur verið þungt. „Húsfélagið sá um að endurbyggja rýmið og það tók dágóðan tíma.“

Hann segir að samt hafi í raun verið lán í óláni að vera nauðbeygður til þess að fara í slíkar framkvæmdir á með kórónaveirufaraldurinn reid yfir. „Á meðan lokanirnar hérna úti stóðu yfir ákvað ég að endurbæta eldhúsið á hinum staðnum mínum við Elme-



Laundromat Café við Árhugsgade hefur verið opnað á ný. MYND/ADSEND

Ég byggði þennan stað upp sjálfur og lagði sál mína í hann.

Friðrik Weisshappel



Hann segir að það skemmtilegasta í ferlinu hafi verið að finna hlýhug nágranna og vina. „Nágrannarnir eru búnir að bíða eftir enduroppuninni og það er yndislegt að finna að við skiptum máli í hverfinu,“ segir Friðrik.

Á dögnum hafi hann verið við vinnu á staðnum þegar sex eða sjö ára gutti var skyndilega kominn inn og virti fyrir sér breytingarnar. „Hann var á leiðinni í skólann. Í Ronaldo-treyju og með alltof stóra skólatösku. Svo svipaðist hann um og sagðist eiga héðan margar minningar. Ég sagði honum að það væri gaman að heyra og þá bætti hann við að hann hefði nefnilega verið mikið á þessum stað þegar hann var ungur,“ segir Friðrik og skelli-hlær. **bjornth@frettabladid.is**

gade. Ég var varla búinn að lima síðustu flísina þegar ég fékk þennan stað afhentan að nýju. Þannig að ég flutti bara verkfærin yfir og hef verið hérna í tólf til fjórtán tíma á dag síðustu mánuði.“

Sjónmælingar eru okkar fag



Tímamantanir á **opticalstudio.is** og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

NÓA

POPPAÐU UPP TILVERUNA!



Nýr Popp Smellur með karamellubragði
sem hreinlega bráðnar í munni.

NÓADAGURINN
Poppaðasti dagur vikunnar!

Hjálparstarf kirkjunnar býr sig undir erfitt haust

SAMFÉLAG Hjálparstarf kirkjunnar býr sig undir erfitt haust. Umsókn um aðstoð hefur fjölgað um 41 prósent síðustu fimm mánuði samanborið við sama tíma í fyrra. Þá fjölgaði umsóknum um 58 prósent í mars og apríl samanborið við sömu mánuði í fyrra.

„Það sækja færri um hjá okkur á sumrin, þannig hefur það verið mörg undanfarin ár. Nú erum við hins vegar að búa okkur undir að

þetta verði þungt haust miðað við þær upplýsingar sem hafa komið fram um að margir séu nú að klára uppsagnarfrest og enn aðrir að fara á ótekjutengdar atvinnuleysisbætur,“ segir Kristín Ólafsdóttir, fræðslufulltrúi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Í mars og apríl fengu 564 einstaklingar og fjölskyldur sem búa við fátækt aðstoð, samanborið við 356 á sama tímabili í fyrra. Í gær hóf Hjálparstarfið að

» **Í mars og apríl fengu 564 einstaklingar og fjölskyldur aðstoð samanborið við 356 á sama tíma í fyrra.**

aðstoða foreldra sem búa við kröpp kjör um ýmislegt sem vantar í byrjun skólaársins. „Sem betur fer þurfa foreldrar ekki lengur að leggja út fyrir námsgögnum grunnskóla-

barna. En það þarf samt sem áður að útvega skólatöskur, pennaveski, trélti og fleira smálegt sem börnin nota við heimanámið,“ segir Kristín. „Hjálparstarfið hefur aðstoðað foreldra vegna íþrótt- og frístundastarfs grunnskólubarna og hingað hafa efnalítill ungmenni sótt stuðning til að greiða skólagjöld í framhaldsskóla. Þar fyrir utan aðstoðar Hjálparstarfið fólk sem býr við fátækt með því að það fær inneign-

arkort fyrir matvöru, eftir viðtal, og faglegt mat félagsráðgjafa hér.“

Þrjú félagsráðgjafar starfa hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Þeir hafa orðið varir við aukinn kvíða í tengslum við óvissuna í kringum COVID-19 faraldurinn. „Félagsráðgjafarnir okkar tala um að fólk sé sem leitar til okkar nú sé kvíðið. Kórónaveirufaraldurinn eykur óvissuna um framtíðina og gerir í raun slæma stöðu enn verri,“ segir Kristín. – ab



Óvissa ríkir um framtíð álversins.

Vilja endurnýja starfsleyfi álvers í Straumsvík

STÓRIÐJA Rio Tinto hefur sótt um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar fyrir álverið í Straumsvík. Gildandi leyfi álversins rennur út 1. nóvember næstkomandi, en það var gefið út í nóvember 2005.

Stofnunin vinnur úr umsókninni og gerir tillögu um starfsleyfi. Sú tillaga verður auglýst opinberlega og gefst öllum tækifæri til að gera athugasemdir áður en ákvörðun um útgáfu leyfis verður tekin.

» **Gildandi starfsleyfi álversins rennur út 1. nóvember næstkomandi.**

Töluverð óvissa ríkir um framtíð álversins, en Rio Tinto hefur sagt að náist ekki betri samningar við Landsvirkjun um raforkuverð verði álverinu lokað. Þá var greint frá því í lok júlí að félagið hefði afskrifað álverið í Straumsvík úr bókum sínum, þar sem engin verðmætasköpun sé möguleg miðað við núverandi aðstæður.

Í tilkynningu frá Umhverfisstofnun kemur fram að heimild er í lögum til að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt leyfi er í vinnslu. Getur slík framlenging mest gilt í eitt ár. – sar

LEIÐRÉTTING

Eftirnafn Hjörvars, hönnuðar bókarkápu, misritaðist á Timamótasiðu í blaði gær dagsins. Hjörvar er Harðarson.

Skapa þurfi störf í stað bóta

Lögfræðingur Viðskiptaráðs segir hækkun atvinnuleysisbóta leiða til lengra atvinnuleysis. Forseti ASÍ segir ekki næga vinnu fyrir þá sem eru á atvinnuleysisbótum og að hætta sé á að missa stóran hóp í fátækt.

VINNUMARKAÐUR Beina þarf sjónum að því hvernig skapa megi störf við hæfi allra og það sem fyrst, ekki hvernig framfleyta megi sem flestum á atvinnuleysisbótum sem lengst. Þetta segir Agla Eir Vilhjálmssdóttir, lögfræðingur Viðskiptaráðs.

Síðustu daga hefur verið rætt um að hækka bæturnar, en í lok júlí voru meira en 17 þúsund manns á atvinnuleysisráði. Grunnatvinnuleysisbætur eru í dag rúmar 289 þúsund krónur, að hámarki 456 þúsund miðað við þriggja mánaða tekjutengingu.

Agla segir að á Íslandi séu atvinnuleysisbætur háar í öllum samanburði, þá sé munurinn hérlandis á tekjum fyrir og eftir atvinnumissi einhver sá lægsti í samanburði við önnur OECD-ríki. Það séu eðlileg fyrstu viðbrögð að vilja hækka bæturnar. „Þegar betur er að gáð verður ekki annað séð en að málið sé margslungnara og að hugmyndin sé einfaldlega til þess fallin að gera fólk verra sett en annars,“ segir Agla.

Atvinnutryggingagjaldið, sem leggst á atvinnurekendur, nemur nú um 1,35 prósentum af útborguðum launum. „Hækkun atvinnuleysisbóta sem nú er talað fyrir, myndi leiða til aukinna útgjalda atvinnuleysisstryggingasjóðs,“ segir Agla. Takmarkað sé hægt að auka útfæði úr sjóðnum án þess að hækka þurfi atvinnutryggingagjaldið auk þess sem ríkið eigi fullt í fangi við að bregðast að öðru leyti við ástandinu, til dæmis í mennta- og heilbrigðismálum.

Kröfur Alþýðusambandsins varðandi atvinnuleysisbætur voru teknar fyrir á miðstjórnarfundi í gær. Drífa Snædal, forseti ASÍ, segir áhyggjurnar snúa fyrst og fremst að því að fólk geti ekki staðið við sínar skuldbindingar. „Stærsta



Atvinnuleysi mældist 7,9 prósent í lok júlí, aukning úr 7,5 prósentum í lok júní. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

» **Við teljum það ekki til hagsbóta ef við missum stóra hópa í fátækt.**

Drífa Snædal, forseti ASÍ



verkefnið núna er að halda þessu samfélagi gangandi þannig að fólk hafi einhvern möguleika á að kaupa sér í matinn, borga húsaleiguna og standa skil á lánum sínum,“ segir

Drífa. „Við teljum það ekki til hagsbóta ef við missum stóra hópa í fátækt. Þannig að við leggjum mikla áherslu á að tekjutengdar atvinnuleysisbætur verði hækkaðar, tímabil þeirra verði lengt. Við erum í þeirri stöðu að það er ekki vinna fyrir alla sem eru á atvinnuleysisbótum.“

Drífa segir að hún sé hissa á því að atvinnurekendur sjái sér ekki hag í því að það hrikti ekki í stöðum kerfisins þegar fólk hætti að geta staðið við sínar skuldbindingar.

Agla segir að ekki megi missa sjónar á endanlegu markmiði, sem sé að vinna bug á atvinnuleysi og þá sérstaklega til langs tíma. „Sænsk rannsókn frá árinu 2017 sýnir að hækkun atvinnuleysis-

bóta leiðir til lengra atvinnuleysis og þá sérstaklega hjá þeim sem eru nýorðnir atvinnulausir, á meðan það hefur lítil áhrif á þá sem hafa verið atvinnulausir til lengri tíma, þetta er mikilvæg staðreynd þar sem ástandið í dag mun leiða til þess að mjög margir munu lenda í þeirri stöðu,“ segir Agla. Áherslan þurfi að vera á sköpun starfa fyrst og fremst, sem og skilyrði til slíkrar sköpunar.

„Það er engin mannvonska fölgín í því að benda á það að fjöldi rannsókna sýni svart á hvítu að hækkun atvinnuleysisbóta, eða háar atvinnuleysisbætur í samhengi við laun á vinnumarkaði, viðhalda atvinnuleysi í stað þess að draga úr því.“ arib@frettabladid.is

GOÐSÖGN KNÚIN RAFORKU

ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

JEEP PLUG-IN-HYBRID FORSALA - AFHENDING Í OKTÓBER 2020



JEEP RENEGADE TRAILHAWK 4X4
5.499.000*



JEEP COMPASS LIMITED 4X4
5.999.000*



RAFMAGNAÐUR

*Verð miðað við gengi USD 132, svartur Compass, hvítur Renegade, útsala afhending í október 2020

SÍÐUSTU DAGAR

SÓFAR
20-70%
AFSLÁTTUR



SÓFAR
20-70%
AFSLÁTTUR

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Tímabærar breytingar

REYKJAVÍKURBORG Fjölmenn-ingarráð Reykjavíkurborgar telur tímabært að Reykjavíkurborg ráði sérstakan upplýsingafulltrúa til þess að miðla efni til erlendra íbúa borgarinnar. Þetta kemur fram í bókun frá fundi ráðsins þann 17. ágúst síðastliðinn.

Á fundinum var farið yfir upplýsingagjöf borgarinnar á meðan kórónaveirufaraldurinn hefur staðið yfir, til þeirra íbúa sem ekki skilja íslensku. Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, mætti á fundinn og fór yfir stöðu mála.

Var það almenn niðurstaða að borgin hefði staðið sig vel í þeirri upplýsingagjöf, en að það væri ekki síst því að þakka að starfsmenn borgarinnar af erlendum uppruna hefðu tekið að sér aukin verkefni við að snara upplýsingum og fréttum yfir á sitt móðurmál.

Það sé ekki sjálfbært til lengdar og því sé þörf á að sérstakur starfsmaður verði ráðinn til þess að þýða og frumvinna fréttir og tilkynningar á ensku og pólsku til að byrja með. – bp

Þingi NR aflýst

STJÓRN MÁL Þingi Norðurlandaráðs hefur verið aflýst í ár vegna COVID-19, en fyrirhugað var að halda það í Reykjavík í október. Var þessi ákvörðun tekin á rafrænum fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í gær.

„Ekkert kemur í stað þingsins, sem slíks, en við munum halda fjarfundum til að sinna hinu pólitíska starfi,“ er haft eftir Silju Dögg Gunnarsdóttur, forseta Norðurlandaráðs, í tilkynningu.

Er nánari útfærsla sögð óljós á þessu stigi en skipulagning sé komin á fullan skrið.

„Okkur þykir miður að þetta hafi farið svona en við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að þetta hafi sem minnst áhrif á hina pólitísku ferla í norrænu samstarfi,“ bætir Silja við. – epá

Líkir vistinni við varðhald

Erling líkir vist á hjúkrunarheimili sem varðhaldi. Þar hefur hann verið í rúm tvö ár en segist aldrei hafa samþykkt langtímavistun. Nú sé gert fjárnám í eignum hans þar sem hann geti ekki greitt fyrir vistina.

FÉLAGSMÁL „Ég samþykkti aldrei langtímavistun. Ég er nýlega giftur, á konu og heimili og bið eftir því að fá að komast heim,“ segir Erling Smith, 56 ára véltækniþæðingur, sem hefur verið vistaður á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ í meira en tvö og hálf ár. Hann er í hjólastól, lamaður eftir vélhjólaláslys árið 2001 og greindist með MS-sjúkdóminn nokkrum árum síðar.

Erling þarf sólarhringsþjónustu og var með NPA-samning árin 2011 til 2016 en þá var samningnum rift og Erling settur á hjúkrunarheimili þar sem aðallega er mjög gamalt og veikt fólk, með heilabilun og aðra öldrunarsjúkdóma. Erling kærði ákvörðunina um riftun samningsins til úrskurðarnefndar velferðarmála sem úrskurðaði honum í vil og að uppsögn samningsins væri felld úr gildi. Fór það samt svo að Erling fékk ekki nýjan NPA-samning og var þess í stað vistaður á Hömrum.

Erling var tjáð að um hvíldarinnlögn væri að ræða, sem er skammtímalausn til nokkurra vikna eða mánaða. Timinn leið og loks áttaði Erling sig á því að hann væri ekki í hvíldarinnlögn heldur langtímavistun, án nokkurs samræðs við hann. „Ég var bjartsýnn á að þetta myndi leysast en þetta er orðinn langur tími,“ segir Erling. Hann segist ekki ánægður með vistina. Það næsta sem hann horfir til sé að komast í jólafrí. Hann líkir vist sinni við varðhald.

Þar sem Erling er vistaður á stofnun fellur stór hluti örorkulífeyris hans niður. Þá er hann látinn greiða fyrir vistunina, tæplega 61 þúsund krónur á mánuði. Þá upphæð hefur hann ekki getað greitt. Í gær, miðvikudaginn 19. ágúst, gerði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu loks fjárnám hjá Erling.

Bára Brynjólfssdóttir, lögfræðingur hjá Öryrkjabandalaginu, segir að krafan standi nú í rúmri einni milljón króna. „Síðan hefur safnast upp meira því hann getur ekki greitt þetta og á ekki að gera það,“ segir hún. „Það er svo fjarstædukennt að maðurinn skuli vera neyddur til að vera á stofnun, látinn greiða fyrir það og svo sé gert fjárnám í húsinu



Erling hefur dvalið á hjúkrunarheimilinu Hömrum síðan í desember árið 2017. MYND/ÓBÍ

Ég er nýlega giftur, á konu og heimili og bið eftir því að fá að komast heim.

Erling Smith, véltækniþæðingur og öryrki

ón króna. „Síðan hefur safnast upp meira því hann getur ekki greitt þetta og á ekki að gera það,“ segir hún. „Það er svo fjarstædukennt að maðurinn skuli vera neyddur til að vera á stofnun, látinn greiða fyrir það og svo sé gert fjárnám í húsinu

hans þegar hann getur ekki borgað.“

Í ljósi heimsfaraldursins komst Erling ekki sjálfur til sýslumannsins en biðlaði til æskufélaga síns og skólafélaga að gera það, og jafn framt að hlaupa undir bagga með sér varðandi greiðslu skuldarinnar.

„Einhver læknir, sem Erling hitti aldrei, gerði hæfnismat á honum og sótti um hvíldarinnlögnina. Þetta var allt gert á bak við hann,“ segir Bára. „Hann var ekki látinn vita af því að þetta yrði langtímadvöl og samþykkti það aldrei.“

Aðspurður segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, að honum sé ekki kunnugt um málið að svo stöddu. Fyrirspurnum

Fréttablaðsins verði svarað síðar skriflega.

Bára segir bæinn hingað til hafa skýlt sér bak við það að framlag skorti frá ríkinu til að hægt sé að gera NPA-samning. Samkvæmt reglum greiðir ráðuneytið fjórðung af kostnaði samninganna. Hún segir ráðuneytið vissulega ekki undanskilið ábyrgð en að vel sé hægt að gera samninga án fjármagns frá ríkinu. kristinnhaukur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is

Hvað lærum við af COVID-19?

Kennarasamband Íslands efnir til málþings þar sem fjallað verður um lærdóminn sem draga má af skólahaldi í skugga COVID-19. Málþingið verður í beinni útsendingu á vefnum í dag, **fimmtudaginn 20. ágúst klukkan 15 til 17.**


Dagskrá

- 15:00 Setning
- 15:15 Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður KÍ
- 15:30 Guðlaugur Viktorsson, skólastjóri Tónlistarskóla Eyjafjarðar
- 15:45 Katla Ketilsdóttir, grunnskólakennari í Dalvíkurskóla
- 16:00 Ragnar Þór Pétursson, formaður KÍ
- 16:15 Jónína Einarssdóttir, leikskólastjóri Stakkaborgar
- 16:30 Unnar Þór Bachmann, framhaldsskólakennari, Fjölbrotaskólanum við Ármúla
- 16:40 Huginn Freyr Þorsteinsson, heimspekingur
- 17:10 Áætluð fundarlok

Nánari upplýsingar og streymi á www.ki.is



KENNARASAMBAND ÍSLANDS



HOLLYWOOD, CALIFORNIA

GLAMGLOW

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM

GLAMGLOW® VÖRUM DAGANA 20. - 26. ÁGÚST



GlamGlow fæst í Kringlu, Smáralind, Skeifu, Garðabæ og Akureyri.

HAGKAUP
Snyrtivara

MARKAÐURINN

Icelandair verði mjög samkeppnishæft

Forstjóri Icelandair telur að flugfélagið verði vel í stakk búið til að keppa á flugmarkaðinum á næstu árum ef áætlanir þess ganga eftir. Kemur til greina að sölutryggja útboðið. Hertar aðgerðir á landamærum hafa ekki áhrif á útboðið eða langtímaáætlanir.

Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Borsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, segir að áætlanir og hagræðingaraðgerðir félagsins geri það vel í stakk búið til að keppa á flugmarkaðinum. Með sveigjanlegri kjarasamningum og auknu vinnuframlagi áhafna, ásamt öðrum hagræðingaraðgerðum, áætla Icelandair að kostnaður á hvern sætiskilómtra (CASK) lækki um samtals 10 prósent til ársins 2024. Launakostnaður verður 28 prósent af tekjum, samanborið við 30 prósent árið 2018.

„Við gerum ráð fyrir ákveðnum verðlagshækkunum eins og verið hafa undanfarin ár. Ef sú forsenda gengur eftir munu önnur félög einnig glíma við verðlagshækkunir. Með þeim aðgerðum sem við munum fara í verður félagið mjög samkeppnishæft á þeim markaði sem það starfar á,“ segir Bogi.


Icelandair Group birti í fyrra kvöld í Kauphöll kynningargögn fyrir fyrirhugað hlutfjárútboð félagsins, en útboðið er lokahnykkurinn í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Viðmælendur Markaðarins sem starfa á fjármála-markaði og fjárfestar, höfðu á orði að áætlanir félagsins litu vel út við fyrstu sýn og virtust byggja á raunhæfum sviðsmyndum.

Áætlanir Icelandair gera meðal annars ráð fyrir að flugframboð félagsins aukist jafnt og þétt. Árið 2024 verði framboðið komið í sama horf og það var árið 2018. Þá er gert ráð fyrir að tekjur félagsins hafi hækkað upp í 1,6 milljarða dala árið 2024 og verði þannig um 3 prósentum hærri en þær voru í fyrra. EBIT, rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta, tekur síðan við sér og verður 175 milljónir dala árið 2024.


Í hlutfjárútboðinu gerir Icelandair ráð fyrir að selja nýja hluti fyrir 20 milljarða króna að nafnverði á genginu 1 króna á hlut. Komi til umframeftirspurnar í hlutfjárútboðinu, mun stjórn félagsins hafa heimild til að auka hlutfé enn frekar um allt að 3 milljarða, þannig að stærð útboðsins yrði að hámarki 23 milljarðar króna.

Til viðbótar er gert ráð fyrir því að tillaga verði lögð fyrir hlut-


/// Framboðir sætiskilómetrar 2015-2024 (ma.)




/// Farþegar 2015-2024 (m.)



/// Tekjur (m.USD)



/// EBIT (m.USD)



hafafund sem felur í sér að stjórn félagsins verði heimild að ákveða að hinum nýju hlutum í félaginu fylgi áskriftarréttindi (e. warrant) sem samsvara allt að 25 prósentum af skráningu nýrra hluta í útboðinu.

„Það kemur til greina og er til skoðunar hjá félaginu,“ segir Bogi, spurður hvort stefnt sé að því að sölutryggja útboðið. Með sölutryggingu er átt við samning milli fjármálafyrirtækis og útgefanda verðbréfa þar sem fjármálafyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útboði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er horft til þess að Íslandsbanki og Landsbankinn taki að sér að sölutryggja útboðið.

Hlutfjárútboðið mun ekki fela í sér neinar skuldbreytingar, það er að segja að kröfum sé breytt í hlutfé, að sögn Boga. „Ef við berum okkur saman við flugfélög eins og Norwegian sem fóru þá leið, þá var fyrst og fremst verið að breyta vanskilum eða óveðtryggðum skuldum í hlutfé,“ útskýrir Bogi.

„Við erum hvorki með vanskil né óveðtryggð skuldabréf, þannig að staða okkar gagnvart lánaðrottnum var allt önnur en hjá Norwegian.“

Spurður hvort hertar aðgerðir á landamærunum hafi áhrif á hlutfjárútboðið eða áætlanir félagsins svarar Bogi neitandi.

„Þær hafa ekki áhrif á okkar langtímaþlön. Frá því í vor höfum við talað um að þetta ár yrði mikið óvissuár. Að það yrði lítil eftirspurn og lítið flogið fram á næsta vor. Vissulega hafa þessar ferðatakmarkanir gríðarleg áhrif til skemmri tíma fyrir íslenska ferðabjónustu, og þar af leiðandi á framleiðslu okkar á næstu vikum. Við munum þurfa að fækka flug-

„Þetta er lánalína til þrautavara“

Icelandair hefur náð samkomulagi við íslensk stjórnvöld um ríkisábyrgð á lánalínu til tveggja ára frá Íslandsbanka og Landsbankanum að fjárhæð allt að 16,5 milljarðar króna. Ríkisábyrgðin nær yfir 90 prósent af láni og eru vextir lánsins reiknaðir sem álag ofan á LIBOR-vexti, sem hækkar eftir því sem meira er dregið á lánalínuna. Skilmálar lánsins eru þeir að eigið fé Icelandair haldist yfir 2 prósentum.

„Hugsunin með lánalínuna er að þurfa ekki að draga á hana. Þetta er lánalína til þrautavara.“

Ef ástandið varir hins vegar lengur en fram á næsta vor, þá gætum við þurft að nýta hana,“ segir Bogi.



Með þeim aðgerðum sem við munum fara í verður félagið mjög samkeppnishæft á þeim markaði sem það starfar á.

Bogi Nils Bogason, forstjóri
Icelandair Group

íð í stakk búið til að standa undir sínum skuldbindingum og verður með sterka lausafjárstöðu í gegnum tiltölulega tekjulítið tímabil fram á næsta vor. Það er grunnsviðsmyndin sem við erum að horfa á,“ segir Bogi.

Fjárhagsleg endurskipulagning Icelandair hefur meðal annars falist í því að ná samningum við kröfuhafa og birgja. Í kynningunni kemur fram að samningarnir hafi bætt fjárhagsstöðu fyrirtækisins, miðað við óbreytt ástand, um 450 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 61 milljarðs íslenskra króna.

Til að mynda hefur greiðsla á fjármagnsgjöldum að fjárhæð 6,8 milljarðar króna verið frestað um allt að 24 mánuði. Mestu munar þó um samninga við Boeing sem bættu stöðuna um 260 milljónir dollara, jafnvirði um 35 milljarða króna.

Hinir nýju samningar kveða á um að flugfélagið kaupi tólf Boeing 737 MAX í stað 16, Icelandair fái aukinn afslátt við kaup á þeim sex flugvélum sem á eftir að afhenda og fábætur.

KRONAN

Töfraðu fram ...

SUMAR DRYKK!

TÖFRABRAGÐ
SÍTRÓNA
Í SUMARDRYKKINN

Fáðu töfra
innblástur á
kronan.is/
töfrar



Afgreiðslutímar á www.kronan.is



ALVÖÖRU SUMARÚTSALA

**10-50%
afsláttur**

Bíla & gluggaþvotta-
kústur, gegn um
rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun
2.097
Áður **2.995** kr.

**30%
afsláttur**

**Sláttuorf Mow
FBC310**
21.739
Áður **28.985** kr.

Sláttuorf:
1 cylinder
loftkældur
mótor. 0,7 kW
Rúmtak 31CC,
Stærð bensíntanks 0,65 L

**25%
afsláttur**



**20%
afsláttur**

Drive Pro Ryk-
& vatnssuga
20L, 1400W mótor
Sogkraftur 17 KPa
10.792
Áður **13.490** kr.

Kaliber ferðagasgrill
21.735
Áður **28.980** kr.

Kaliber
PREMIUM GRILL



**25%
afsláttur**

2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
Grillgrind úr pottstáli
Prýstjafnari fylgir



Joker 1400W
Ryk-/blautsuga
9.995
Áður **12.995** kr.

**23%
afsláttur**

**Ceravid Hand-
laugarsett 45cm**
með blöndunartæki
14.995
Áður **18.890** kr.

**20%
afsláttur**



**25%
afsláttur**

BoZZ sturtusett
með hitastýrdum
blöndunartækjum
18.668
Áður **24.890** kr.

**25%
afsláttur**



Guoren Sturtusett
með hitastýrdum
blöndunartækjum
28.425
Áður **37.900** kr.

**30%
afsláttur**

Ríga salerni með setu,
gólf- eða veggstútur
19.916
Áður **24.895** kr.

**20%
afsláttur**

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
34.872
Áður **43.590** kr.

**15%
afsláttur**

Ceravid veggghengd handlaug
5.857 Áður **6.890** kr.

**25%
afsláttur**



Colorex Sköld þakmálning 9L Stofn A
9.746
Áður **12.995** kr.

**30%
afsláttur**



Gólfmálning - Grágrænn 3 L
3.777
Áður **5.395** kr.



**Steypugljái
á stéttina
- þessi sem endist**

**15%
afsláttur**



Creative Super Seal 5 litrar
10.192
Áður **11.990** kr.

25 litrar **24.638**
Áður **28.985**

**20%
afsláttur**



Colorex
Projekt 10,
10 litrar
(Málarahvít)
6.717
Áður **8.395** kr.

**25%
afsláttur**



Ladora premium
tréolía 3L
2.246
Áður **2.995** kr.

**25%
afsláttur**



Wineo vínýl parketi m/áföstu undirlagi
2.994 kr./m²
Áður **4.990** kr.

Colorex Betopaint
útimálning Stofn A 9L
7.496
Áður **9.995** kr.

**Ódýrasta vínýlparket
með undirlagi á Íslandi!**

| | | |
|----------------------------------------------------|---------------|------------------------------------------|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| Hafnarfjörður | Selhellu 6. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | | |

Fyrirvari um prentvillur.
Tilboðin gilda í öllum verslunum
Murbúðarinnar. Takmarkað magn af
sumum vörum.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Brunnhorn séð að norðanverðu frá Papafirði. Líkindin við Batman eru sláandi. MYND/TG

Batman á Fróni

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Skammt austan við Höfn í Hornafirði er Vestrahorn, eitt af af tignarlegustu fjöllum landsins og útvörður Suðausturlands. Þetta er klasi tinda og er sá vestasti, Klifatindur (890 m), hæstur. Upp á hann liggur gönguleið sem ekki krefst klifurs líkt og þegar lagt er til atlögu við aðra tinda Vestrahorns. Þær klifurleiðir þykja með þeim bestu hérlendis, ekki síst snarbrattur austurveggur Kambshorns. Ástæðan er sú að Vestrahorn er gert úr gabbrói; hörðu djúpbergi sem ekki er jafn laust í sér og blágrýti og móberg sem flest íslensk fjöll eru gerð úr. Sérkennilegasti tindur Vestrahorns er sá austasti og heitir Brunnhorn (454 m). Það minnir á Batman, sérstaklega séð að norðanverðu úr Papafirði. Þarna eru ýmsar skemmtilegar gönguleiðir í boði og hægt að virða fyrir sér leðurblökumanninn í návígi. Bílum er lagt skammt frá bænum Syðra-Firði en vegna skugga frá fjöllum Vestrahorns er sólar-gangur þarna hvað stýstur á bóndabæ á Íslandi. Orti Eiríkur Guðmundsson bóndi svo:

Lengi að þreyja í þessum skugga þykir mörgum hart. Samt er á mínum sálarglugga sæmilega bjart.

Meðfram Papafirði er þægileg ganga út að Papósi en þar er frábært útsýni að litríkum fjöllum upp af Papafirði og Lóni. Við Papós var helsti verslunarstaður sýslunnar um rösklega þrjátíu ára skeið og þar byggð reisuleg verslunarhús. Þegar ákveðið var að leggja verslunina af voru húsin tekin niður og þeim fleytt á ævintýrlegan hátt sjóleiðina fyrir Horn og inn Hornafjörð. Enn má víða sjá tóftir gamalla húsa við Papós og þarna er mikið fuglalíf. Fyrir þá sem kjósa lengri göngu má ganga út fyrir Brimnestanga og í kringum Brunnhorn. Enn skemmtilegri gönguleið liggur í suður frá bilastæðinu við Syðra Horn og er þá komið upp í skarð sem heitir því skemmtilega nafni Kex. Efst í skarðinu blasir skyndilega Hornsvíkin við og Stokksnes. Haldið er niður brattar skriður úr Kexi eftir gamalli gönguleið sem ekki er fyrir lofthrædda.

Frá Hornsvík er síðan gengið rangsælis út fyrir Hafnartanga og Brimnestanga, fyrir Brunnhorn og fram hjá Papósi uns komið er aftur að Syðra-Firði. Þetta er 14 km löng ganga og mikið fyrir augað, ekki síst við rætur Brunnhorns.



Fókus á hjarta landsins



Ganga meðfram falgum Papafirðinum gleður auga göngufólks. MYND/TG



Horft yfir snarbratta tinda Brunnhorns í áttina að Kambshorni sem einnig tilheyrir Vestra-Horni. MYND/ÓMB



7 ára ábyrgð frá framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

Kia Ceed Sportswagon PHEV

Fjölskylduvænn ferðafélagi



10,25" Skjár leiðsögukerfis

Afborgun á mánuði:
23.777 kr.
60% innborgun og lán til 96 mánaða. Vextir 4,15%.
Heildargreiðsla láns er 2.279.616 kr.
Árlæg hlutfallstala kostnaðar er 5,26%.



CEED SW
plug-in hybrid



The Power to Surprise

Umhverfismildur, sparneytinn og rúmgóður

Nýr Kia Ceed Sportswagon PHEV er rúmgóður og glæsilegur tengiltvinnbíll. Hann er ríkulega búinn, með hátt undir lágsta punkt sem eykur útsýni og gerir aðgengi þægilegt. Ceed Sportswagon PHEV er umhverfismildur með allt að 60 km drægni á hreinu rafmagni og eyðir aðeins frá 1,28 l/100 km í blönduðum akstri. Þessi rúmgóði og sportlegi fjölskyldubíll er hlaðinn nýjasta tækniúnaði frá Kia og honum fylgir 7 ára ábyrgð frá Kia.

Komdu og reynsluaktu Ceed Sportswagon PHEV. Við tökum vel á móti þér.

Kia Ceed Sportswagon Plug-in Hybrid verð frá:

4.690.777 kr.

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir heimila. Nánar á hleðslulausnir.askja.is



ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Minnihlutinn



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Nýleg könnun Fréttablaðsins sýnir að flokkarnir í meirihluta borgarstjórnar mælast nú með 58 prósentu fylgi og myndu bæta við sig þremur fulltrúum. Þessi niðurstaða hlýtur að vera minnihlutunum töluvert áfall, en hann getur sjálfum sér um kennt. Hann hefur stundað vonda pólitík. Það er reyndar smá sárabót fyrir Sjálfstæðismenn að Sjálfstæðisflokkurinn er samkvæmt þessari könnun stærsti flokkurinn í borginni en hefur þó tapað fylgi frá kosningum.

Viðbrögð oddvita Sjálfstæðisflokksins, Eyþórs Arnalds, voru næsta hláleg en hann sagði að borgarfulltrúar flokksins hefðu í störfum sínum lagt upp með að vera með málefnalega gagnrýni. Málefnaleg gagnrýni kemur sannarlega síst af öllu upp í hugann þegar horft er á málflutning Sjálfstæðismanna í borginni. Með einni undantekningu þó. Hildur Björnsdóttir hefur stundað áberandi málefnalega gagnrýni á meirihlutann. Hún er yfirveguð og skynsöm í gagnrýni sinni og stundar ekki þá vöndu pólitík að vera á móti málum mótherja bara til að vera á móti.

Upphrópanir hafa í miklum mæli einkennt málflutning minnihlutans í borginni og þar ganga Sjálfstæðismenn í takt við fulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins. Talað er eins og meirihlutinn í borginni leggi beinlínis metnað sinn í að ergja borgarbúa á allan mögulegan hátt, eins og með því að vilja draga þá út úr einkabílum og þvinga upp á þá borgarlinu. Minnihlutinn lætur svo eins og tilvist göngugatna sé meðvitað bragð meirihlutans til að leggja stein í götu verslunarreksturs í miðborginni. Hvernig í ósköpunum er hægt að flokka svona tal sem málefnalega gagnrýni?

Í áður nefndri skoðanakönnun tapar Miðflokkurinn fylgi en borgarfulltrúi hans, Vigdís Hauksdóttir, er sennilega mesta hávaðamanneskjan í íslensku pólitík. Þegar borgarstjórnin, Dagur B. Eggertsson, á í hlut sér hún spillingu og subbuskap í hverju horni. „Úlfur, úlfur,“ hrópar hún við engar undirtektir kjósenda. Reglulegar ásakanir hennar um pólitískar ofsóknir og margs konar einelti í sinn garð vekja sömuleiðis þreytuviðbrögð. Það er Vigdís heldur engan veginn til framdráttar að hún skuli kjósa á fundum borgarstjórnar að snúa baki í manneskju sem henni semur ekki við. Slíkt framferði ber vott um vanstillingu.

Líklega er ekkert óskaplega gaman að vera í minnihluta í pólitík, allavega ekki eins og að vera í meirihluta og fá að leggja línur og taka ákvarðanir. En þarna á við, eins og svo oft í lífinu, að hyggilegt er að bera harm sinn í hljóði. Minnihlutunum virðist vera það ómögulegt og hann getur ekki leynt gremju sinni og sárindum yfir hlutskipti sínu. Sennilega er kominn tími fyrir einhverja þar að leita sér að annarri vinnu.

Ef minnihlutinn í borginni ætlar sér að vinna traust borgarbúa þarf hann að stunda vandaðri pólitík en hann gerir. Fyrst er að láta af óhemjuganginum og temja sér meiri stillingu og yfirvegum í málflutningi. Þá, en ekki fyrr, verður hægt að tala um málefnalega gagnrýni.



Ef minnihlutinn í borginni ætlar sér að vinna traust borgarbúa þarf hann að stunda vandaðri pólitík en hann gerir.

Halldór



Frá degi til dags

Landamærin
Komið var í veg fyrir eitt tilfelli atvinnuleysis á Suðurnesjum í gær með því að gefa fráfarandi lögreglustjóra starf í dómsmálaráðuneytinu. Staðan sem um ræðir er sérfræðingur í landamærum. Lögreglustjórnin er vel til þess fallinn, enda með áratuga reynslu af því að lifa á plánetu með landamærum. Hafa landamæri einnig litið breyst síðustu áratugi, ef undanskilin er breyting á Austur-Evrópu fyrir 30 árum. Var þetta talið betri lausn en að bjóða honum starf á Rokksafninu þó að hann hefði eflaust plumað sig vel í Rolling Stones-básnum.

Tveggja kindu reglan
Embætti landlæknis hefur ræki-lega slegið í gegn hjá sauðfjörbændum og náttúruverndar-sinum með útspílinu „tveggja kindu reglan“, sem kemur í stað „tveggja metra reglunnar“ sem enginn skilur lengur. Vægast sagt grófir útreikningar benda til að hver Íslendingur, fæddur fyrir árið 2005, eigi möguleika á að fá tvær kindur til að hafa í bandi, hvora fyrir framan aðra, til að halda fjarlægð frá öðrum. Best færi auðvitað á því að allir fengju fjórar kindur og gætu því haldið fólki í hæfilegri fjarlægð bæði hægra og vinstra megin við sig. Sauðfjörbændur hljóta að taka slíkum hugmyndum fagnandi.
arib@frettabladid.is

Með samstöðuna að vopni



Kolbeinn Ottarsson Proppé
Þingmaður
Vinstri grænna

Sumrinu hef ég verið í að tala við fólk. Þar sem við erum í miðjum heimsfaraldri hafa þau samtöl að einhverju leyti verið í gegnum net og síma, en sem betur fer höfum við Íslendingar getað farið ferða okkar nokkuð frjáls og ég því hitt fólk víða um land. Mér finnst áberandi eftir samtöl sumarsins, hvort sem þau hafa átt sér stað heima hjá mér í 101 eða í dreifðari byggðum, að þrátt fyrir allt ríkir bjartsýni og samstaða.

Heimsfaraldur sem dregið hefur hundruð þúsunda til dauða um allan heim, stærsta efnahagskreppa í rúma öld. Það upplifum við nú, en samt heldur fólk í vonina og samstöðuna. Stjórnvöld hafa stýrt málum þannig að þrátt fyrir allt hefur gengið nokkuð vel. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að fylgja ráðleggingum sótt-varnaryfirvalda og það skilaði árangri sem eftir var tekið. Það skilaði sumri ferðalaga, fólk fór um landið, sýndi sig og sá aðra, talaði um ástandið, dæsti í kaffið og lýsti því yfir að þetta hefði nú verið meira. En saman gætum við þetta.

